

Söngtextar og vísur

Maístjarnan.....7

Efnisyfirlit

Pemað – Umferð	2
Stóra brúin.....	2
Bjossi á mjólkurbílnum	2
„Druslu-lagið”	2
Sigling	2
Um landið bruna bifreiðar	2
Sigling – Alli, Palli og Erlingur	3
Róum bát.....	3
Umferðavísur.....	3
Strætó	4
Vorið.....	5
Bráðum fæðast lítil lömb	5
Í leikskóla er gaman	5
Pollafötin	5
Ef sólin væri á bragðið eins og sleikjó	5
Skýin	6
Við erum söngvasveinar	6
Vorið er komið.....	6
Upp á grænum hól.....	6
Sá ég spóa.....	6
Nammilagið	7
Vertu til	7
Lóan er komin.....	7
Vorvindar glaðir	7

Pemað – Umferð

Stóra brúin

Stóra brúin fer upp og niður,
upp og niður, upp og niður,
stóra brúin fer upp og niður,
allan daginn!

Bílarirnir aka yfir brúna.....

Skipin sigla undir brúna.....

Flugvélar fljúga yfir brúna.....

Fiskarnir synda undir brúna.....

Fuglarnir fljúga yfir brúna.....

Fólkið gengur yfir brúna.....

Börnin hlaupa yfir brúna.....

Bjossi á mjólkurbílum

Hver ekur eins og ljón
með aðra hönd á stýri?
Bjossi á mjólkurbílum,
Bjossi á mjólkurbílum.
Hver stígur bensínið
í botn á fyrsta gíri?
Bjossi á mjólkurbílum,
hann Bjossi kvennagull.

„Druslu-lagið“

Við setjum svissinn á og
við kúplum gírnum frá,
það er startað og druslan fer í gang!
Drun, drun!!
Það er enginn vandi að aka bifreið,
ef maður bara kemur druslunni í gang. Drun,
drun!!

Sigling

Hafið, bláa hafið, hugann dregur.
Hvað er bak við ystu sjónarrönd?
Þangað liggur beinn og breiður vegur.
Bíða mín þar æskudrauma lönd.
Beggja skauta byr bauðst mér aldrei fyrr. Bruna þú
nú, bátur minn.
Svífðu seglum þöndum,
svífðu burt frá ströndum.
Fyrir stafni haf og himinninn.

Um landið bruna bifreiðar

Um landið bruna bifreiðar, bifreiðar, bifreiðar,
Með þeim við skulum fá oss far og ferðast alls
staðar.
Ba-bú, ba-bú, tra-la-la-la-la-la-la. Ba-bú, ba-bú, tra-
la-la-la-la.
Um loftin fljúga flugvélar, flugvélar, flugvélar,
með þeim við skulum fá oss far og ferðast alls
staðar.
Ba-bú, ba-bú, tra-la-la-la-la-la-la. Ba-bú, ba-bú, tra-
la-la-la-la.
Um höfin sigla skúturnar, skúturnar, skúturnar
Með þeim við skulum fá oss far og ferðast alls
staðar
Ba-bú, ba-bú, tra-la-la-la-la-la-la. Ba-bú, ba-bú, tra-
la-la-la-la.

Sigling – Alli, Palli og Erlingur

Alli, Palli og Erlingur þeir ætla
að fara að sigla,
vantar vænan bát, en vita afbragðs ráð. Þeir fundu
gamalt þvottafat,
sem farið var að mygla,
sigla út á sjó og syngja:hæ,hæ,hó".

Seglið var úr afarstórum undirkjól,
mastið það var skófluskaft
og skútan lak og valt.
Og hæ og hó og hæ og hó og hí,
en skítt með það,
við skulum komast fyrir því.

Alli vildi ólmur til Ameríku fara,
en Palli sagði Portúgal er prýðis land.
Ertu frá þér Palli, nú ætlum við að spara, siglum
beint og stefnum beint á Grænlandssand.
Ertu frá þér Erlingur þú ert að fara í kaf, hatturinn
þinn fýkur af og feykist út á haf. Og hæ og hó og
hæ og hó og hí en skítt með það við skulum
komast fyrir því.

Róum bát

Róum, róum, róum bát niður
lygna á. Við erum hress, við erum
kát, okkur liggur ekkert á.

Umferðavísur

Nýjar reglur skulu ríkja
Hæ fadderí, fadderallala.
til hægri skaltu hiklaust víkja
Hæ fadderí, fadderallala.
Því gaman er um götu og stétt
að geta farið alveg rétt.
Hæ fadderí, hæ faddera
Hæ fadderí, fadderallala.

Viljum yfir veginn fara.
Hæ fadderí, fadderallala.
Athugaðu áður bara
Hæ fadderí, fadderallala.
Að ekki komi bílar brátt
brennandi úr hægri og vinstri átt.
Hæ fadderí, hæ faddera
Hæ fadderí, fadderallala.

Við leikum okkur ekki á strætum.
Hæ fadderí, fadderallala.
Því undir bíl við orðið gætum.
Hæ fadderí, fadderallala.
Já, umferð verður ósköp fín
ef allir læra að gæta sín.
Hæ fadderí, hæ faddera
Hæ fadderí, fadderallala.

Strætó

Hjólin á strætó snúast hring, hring, hring,

hring, hring, hring,

hring, hring, hring!

Hjólin á strætó snúast hring, hring, hring

- út um allan bæinn!

Hurðin á strætó opnast út og inn, út og inn.....

Peningarnir í strætó segja klink, kling, kling.....

Fólkið í strætó segir bla, bla, bla.....

Börnin í strætó segja hí, hí, hí.....

Bílstjórinn í strætó segir uss, suss, suss.....

Flautan í strætó segir bíb, bíb, bíb.....

Vorið

Bráðum fæðast lítil lömb

Bráðum fæðast lítil lömb,

leika sér og hoppa.

Með lítinn munn og litla vömb

lambgrasið þau kroppa.

Við skulum koma og klappa þeim

kvölds og bjartar nætur,

reka þau í húsin heim,

hvít með gula fætur.

Fuglarnir sem flýðu í haust,

fara að koma bráðum.

Syngja þeir með sætri raust,

sveifla vængjum báðum.

Í leikskóla er gaman

Í leikskóla er gaman, þar leika allir saman.

Leika úti og inni

og allir eru með.

Hnoða leir og lita,

þið ættuð bara að vita

hvað allir eru duglegir í leikskólanum hér.

Pollafötin

Pollafötin, pollafötin

puðumst við nú í .

Úti regnið hylur

Stétt og stein hylur.

Pollafötin, pollafötin puðumst við nú í.

Ef sólin væri á bragðið eins og sleikjó

Ef sólin væri á bragðið eins og sleikjó

rosalegt fjör yrði þá.

Ég halla mér aftur með tunguna út

AAAAAAAAAAA

rosalegt fjör yrði þá.

Ef rigningin væri bleikir gúmmíbirnir

rosalegt fjör yrði þá.

Ég halla mér aftur með tunguna út

AAAAAAAAAAA

rosalegt fjör yrði þá.

Ef skýin væru úr sykarpúðapoppi

rosalegt fjör yrði þá.

Ég halla mér aftur með tunguna út

AAAAAAAAAAA

rosalegt fjör yrði þá.

Ef leikskólinn væri súkkulaðikaka

rosalegt fjör yrði þá.

Ég halla mér aftur með tunguna út

AAAAAAAAAAA

rosalegt fjör yrði þá.

Skýin

Við skýin felum ekki sólina af
illgirni.

Við skýin erum bara
að kíkja á leiki mannanna.

Við skýin sjáum ykkur hlaupa,
uu-úps,— í rokinu.

Klædd gulum, rauðum, grænum,
bláum regnkápum.

Eins og regnbogi meistarans,
regnbogi meistarans.

Við skýin erum bara grá, bara
grá.

Á morgun kemur sólin,

hvað verðum um skýin þá?

Hvar þá, hvar þá, hvar þá hvar
þá,

hver þá, hvar þá, hver verum við
skýin þá?

Við erum söngvasveinar

∴: Við erum söngvasveinar á leiðinni' út í
lönd ∴:

leikum á flautu, á skógarhorn, á
skógarhorn,

leikum á flautu, fiðlu' og skógarhorn.

Og við skulum dansa hopsasa, hopsasa,
hopsasa,
við skulum dansa hopsasa - HOPSASA!

Vorið er komið

Vorið er komið og grundirnar
gróa, gilín og lækirnir fossa af brún.

Syngur í runni og senn kemur lóa,
svanur á tjarnir og þröstur í tún.

Nú tekur hýrna um hólma og sker,
hreiðra sig blikinn og æðurinn fer.

Hæðirnar brosa og hlíðarnar dala,
hóar þar smali og rekur á ból,

lömbin sér una um blómgaða bala,
börninn sér leika að skeljum á hól.

Upp á grænum hól

Uppi' á grænum, grænum himinháum hól,
sá ég hérahjónin ganga.

Hann með trommu
bomm, bommm, bommm, borommm, bommm, bommm,
hún með fiðlu sér við vanga.

Þá læddist að þeim ljótur byssukarl
sem miðaði í hvelli,

en hann hitti bara trommuna sem small
og þau hlupu og héldu velli.

Sá ég spóa

Sá ég spóa

Suður í flóa.

Syngur lóa út um móa:

“bí, bí, bí, bí”

vorið er komið víst á ný.

Nammilagið

Ef regnið væri úr bleiku bangsagúmmí

rosalegt fjör væri þá

ég halla mér aftur rek tunguna út.

e- ee-e-ee-e-ee-e-e-(með tunguna úti)

rosalegt fjör væri þá

Ef snjórinn væri úr sykarpúð og poppi,

rosalegt fjör væri þá.

ég halla mér aftur rek tunguna út.

e-ee-e-ee-e-ee-e-e-(með tunguna úti)

rosalegt fjör væri þá.

Ef sólin væri á bragðið eins og sleikjó

rosalegt fjör væri þá.

ég halla mér aftur rek tunguna út.

e-ee-e-ee-e-ee-e-e-(með tunguna úti)

rosalegt fjör væri þá

Vertu til

Vertu til er vorið kalla á þig,

vertu til að leggja hönd á plóg.

Komdu út því að sólskinið vill sjá þig

sveifla haka og rækta nújan skóg,

sveifla haka og rækta nýjan skóg .

Lóan er komin

Lóan er komin að kveða burt snjóinn

kveða burt leiðindin, það getur hún.

Hún hefur sagt mér að senn komi spóinn, sólskin í

dali og blómstur í tún.

Hún hefur sagt mér til syndanna minna,

ég sofi of mikið og vinni ekki hót.

Hún hefur sagt mér að vaka og vinna

vonglaður taka nú sumrinu mót.

Vorvindar glaðir

Vorvindar glaðir, glettnir og hraðir

geysast um löndin létt eins og börn.

Lækirnir skoppa, hjala og hoppa,

hvíld er þeim nóg í sæ eða tjörn.

Hjartað mitt litla hlustaðu á,

hóar nú smailinn brúninni frá.

Fossbúinn kveður, kætir og gleður,

frjálst er í fjalladal.

Maístjarnan

Ó, hve létt er þitt skóhljóð ó, hve lengi ég beið þín,

það er vorhret á glugga napur vindur, sem hvín, en

ég veit eina stjörnu, eina stjörnu sem skín, og nú

loks ertu komin, þú ert komin til mín.

Það eru erfiðir tímar, það er atvinnuþref, ég hef

ekkert að bjóða, ekki ögn sem ég gef, nema von

mína og líf mitt hvort ég vaki eða sef, þetta eitt sem

þú gafst mér það er allt sem ég hef.

En í kvöld lýkur vetri sérhvers vinnandi manns og

á morgun skín maísól, það er maísólin hans, það er

maísólin okkar, okkar einingarbands, fyrir þér ber

ég fána þessa framtíðarlands.